

ÚTHLUTUNARREGLUR BÁRUNNAR STÉTTARFÉLAGS

Verklagsreglur um fyrirkomulag á greiðslum dagpeninga og styrkja

1. Umsóknir

- 1.1. Leggja skal fram rafræna umsókn til sjóðsins á þar til gerðum eyðublöðum ásamt öllum þeim fylgigönum sem krafist er að fylgi umsókn.
- 1.2. Rafræn eyðublöð má nálgast á Mínum síðum á heimasíðu félagsins www.baran.is. Félagsmenn sem kjósa að sækja ekki um rafrænt geta nálgast eyðublöð á heimasíðu félagsins eða komið á skrifstofur félagsins og fyllt út umsókn á staðnum.
- 1.3. Ekki er heimilt að afgreiða umsóknir nema þær séu út fylltar á fullnægjandi hátt og öll nauðsynleg fylgiskjöl liggi fyrir.
- 1.5. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál og í samræmi við lög og reglur um persónuvernd.
- 1.6. Með staðfestingu umsóknar heimilar félagsmaður að félagið sannreyni réttmæti gagna s.s. kvittana og framlagðra læknisvottorða og veitir félagini heimild til þess að afla frekari gagna sem afgreiðsla umsóknarinnar getur byggt á.
- 1.7. Einungis þeir sem sannanlega greiða eða er greitt af til sjóðsins og verið er að greiða fyrir til sjóðsins þegar réttur myndast eiga rétt í sjóðnum.
- 1.8. Óheimilt er að greiða dagpeninga eða styrki inná bankareikning á nafni annars en umsækjanda nema fyrir liggi skriflegt umboð staðfest af vottum.1.9. Gefi umsækjandi rangar eða villandi upplýsingar sem áhrif geta haft á réttindi getur viðkomandi misst rétt til styrkja/bóta úr sjóðnum. Heimilt er að endurkrefja styrk/bótaþega um þegar greiddar bætur/styrk/dagpeninga sem aflað er með sviksamlegum hætti.

2. Umsóknarfrestir og úthlutun

- 2.1. Umsóknir um dagpeninga og fylgigögn þurfa að jafnaði að berast fyrir 25. hvers mánaðar eða síðasta virka dag á undan nema annars sé sérstaklega getið á heimasíðu félagsins2.2. Dagpeningar eru greiddir út mánaðarlega fyrsta hvers mánaðar eða síðasta virka dag á undan.
- 2.3. Umsóknir um endurhæfinga- og forvarnarstyrki og fylgigögn þurfa að jafnaði að berast tveimur dögum fyrir úthlutunardag.
- 2.4. Endurhæfingar- og forvarnarstyrkir eru greiddir út á tveggja vikn.a fresti, annan hvern föstudag. Upplýsingar um úthlutunardaga koma fram á heimasíðu félagsins. Ef breytingar verða er þeirra getið á heimasíðu.
- 2.5. Ekki eru gerðar undantekningar á greiðsludögum nema ljóst sé að mistök hafi orðið við afgreiðslu umsóknar og að þess vegna hafi greiðsla ekki verið innt af hendi.
- 2.6. Tillaga um lið

3. Gögn sem fylgja þurfa umsókn

- 3.1. Rétt út fyllt umsókn og nauðsynleg gögn verða að liggja fyrir til að sjóðfélagi geti fengið greitt úr sjóðnum.

3.2. Rétt út fylltar umsóknir og fylgigögn þurfa að berast á réttum tíma að öðrum kosti freastast afgreiðsla til næstu úthlutunar. Fylla skal út í alla reiti um persónuupplýsingar.

3.3. Starfsmönnum sjóðsins er heimilt að óska eftir þýðingu gagna t. d. frá löggiltum skjalabýðanda. Umsækjandi ber kostnað af þýðingu.

3.4. Bankaupplýsingar þurfa að fylgja öllum umsóknum. Þar sem greiðslur sjúkrasjóðs eru færðar rafrænt valda rangar upplýsingar um reikningsnúmer því að greiðsla til viðkomandi er ekki greidd á réttum tíma.

3.5. Vegna samninga um réttindaflutning milli sjúkrasjóða ASÍ félaga er nauðsynlegt að geta um greiðslur annarra sjúkrasjóða ASÍ félaga á umsókn. Sá sem öðlast hefur rétt til greiðslu sjúkra- og slysadagpeninga úr sjúkrasjóði eins verkalýðsfélags innan ASÍ, öðlast þann rétt hjá sjúkrasjóði Bárunnar eftir að hafa greitt til sjóðsins í einn mánuð, enda hafi hann fram að því átt rétt hjá fyrri sjóðnum.

Sá sem öðlast hefur rétt til styrkja úr sjúkrasjóði eins aðildarfélags innan ASÍ, öðlast rétt til styrkja hjá Bárunni skv. þeim reglum félagsins, enda hafi hann fram að því átt rétt hjá fyrra féluginu.

Þegar sótt er um styrki/ sjúkradagpeninga skal umsækjandi leggja fram yfirlit um veitta styrki/sjúkradagpeninga sem hann hefur þegið úr fyrra sjúkrasjóði sl. 36 mánuði.

3.5. Gögn sem þurfa að fylgja umsóknum um forvarnar- og endurhæfingarstyrki úr sjóðnum:

3.5.1. Frumrit sundurliðaðs reiknings í nafni félagsmanns sem sannanlega hafa verið greiddir með nafni og kennitölu umsækjanda sem sannanlega hafa verið greiddir. Á reikningunum þarf að vera útgáfudagur reiknings, áritun/stimpill/merki þess er gefur reikninginn út með upplýsingum um nafn, starfsheiti, kennitölu og heimilisfang eða símanúmer. Til viðbótar þarf að skila staðfestingu á greiðslu reiknings t.d. úr íslenskum heimabanka eða greiðslukvittun frá viðkomandi fyrirtæki. Reikningur má ekki vera eldri en 12 mánaða.

3.5.2. Upplýsingar um fjölda skipta og dagsetningar meðferða þar sem við á s.s. vegna sjúkraþjálfunar, sjúkranuddi, kírópraktor, sálfræðingi, lækni o.fl. sem aðeins sjóðfélagi hefur nýtt sér eða kaupa á vöru eða þjónustu sem aðeins sjóðfélagi hefur nýtt sér skal koma fram á reikningi.

3.5.3. Umsóknum um styrk vegna áfengismeðferðar skal fylgja staðfesting á meðferðarúrræði frá meðferðar aðila, vinnuveitendavottorð, launaseðlar/iðgjaldavottorð síðustu 6 mánaða ásamt beiðni um nýtingu persónuafsláttar.

3.5.4. Sjóðurinn áskilur sér rétt til að óska eftir frumriti reiknings sem áður hefur verið sendur til sjóðsins, áður en útborgun á sér stað.

3.5.5. Vegna umsóknar um styrk vegna þjónustu sem er keypt erlendis þarf að leggja fram frumrit reiknings á upprunalegu tungumáli og sundurliðaða kostnaðarskiptingu. Einnig þarf að fylgja með bankakvittun úr íslenskum banka sem staðfestir greiðslu í íslenskum krónum. Brýnt er að allur texti sé skýr og skilmerkilegur. Starfsfólk sjóðsins er heimilt að kalla eftir þýðingu frá löggiltum skjalabýðanda. Umsækjandi greiðir kostnað við slíkt.

3.6. Gögn sem þurfa að fylgja umsóknum um dagpeninga úr sjóðnum:

3.5.1. Sjúkradagpeningavottorð. Við umsókn um sjúkradagpeninga verður að leggja fram fullgilt sjúkradagpeningavottorð á íslensku. Ef læknisvottorðið er tímabundið er umsækjenda bent á að endurnýja það og koma til Sjúkrasjóðs Bárunnar, standi óvinnufærni lengur en upphaflegt vottorð sagði til um. Sjúkradagpeningavottorð skal að meginreglu ekki vera eldra en mánaðargamalt.

Sjúkradagpeningavottorð eldri en mánaðargömul frá því bótaréttur skapaðist hjá sjóðnum eru að jafnaði ekki tekin gild þegar sótt er um sjúkradagpeninga eða bætur nema sérstaklega standi á.. Stjórn sjóðsins er heimilt að veita undanþágu frá þeirri reglu þegar sérstaklega stendur á.

3.5.2. Launaseðlar/iðgjaldavottorð síðustu sex eða tólf mánaða eftir atvikum hafi umsækjandi greitt til annarra stéttarfélaga ASÍ á tímabilinu.

3.5.3. Staðfesting atvinnurekanda á að veikindaréttur hjá atvinnurekanda sé tæmdur og upplýsingar um dagsetningu síðustu launagreiðslu frá atvinnurekanda. Vinnuveitendavottord.pdf (baran.is)

3.5.4. Upplýsingar um stöðu nýtingar persónuafsláttar úr staðgreiðsluskrá Ríkisskattstjóra sem má nálgast á rsk.is ef umsækjandi óskar eftir að persónuafsláttur sé nýttur. Beiðni um nýtingu persónuafsláttar – Báran stéttarfélag (baran.is)

3.5.5. Önnur gögn eftir því sem við á, s.s. frá Tryggingarstofnun ríkisins, upplýsingar um greiðslur frá öðrum aðilum.

3.6. Gögn sem þurfa að fylgja umsóknum um dánarbætur úr sjóðnum:

3.6.1. Dánarvottorð.

3.6.2. Ef félagsmaður skilur eftir sig börn undir 18 ára aldrí er krafist staðfestingar frá þjóðskrá Íslands.

3.6.3. Sé óskað eftir að greitt sé inn á bankareikning á nafni annars en hins látna þarf yfirlýsingu um lögerfingja frá sýslumanni og umboð annarra lögerfingja til handa þeim sem sækir um.

4. Dagpeningar

4.1. Útreikningur dagpeninga miðast við almanaksdaga, að meðaltali 30 daga í mánuði.

4.2. Greiðslur dagpeninga vegna alvarlegra veikinda barna og maka skv. gr. 12.2 og 12.3 í reglugerð sjúkrasjóðs koma einungis til greina vegna mjög alvarlegra veikinda og verða að krefjast sérstakrar umönnunar af hálfu félagsmanns samkvæmt læknisvottorði. Sömu reglur gilda um þau læknisvottorð og önnur læknisvottorð. Sé um vafamál að ræða eru þau metin sérstaklega af stjórn sjóðsins.

4.3. Réttur til dagpeninga í veikinda- og slysaforföllum fyrnist sé hans ekki vitjað innan tólf mánaða frá því að bótaréttur skapaðist og á einungis við þegar félagsmaður hefur tæmt rétt hjá atvinnurekanda og ekki er um aðra framfærslu að ræða.

Réttur til dagpeninga samkvæmt greinum 12.1., 12.2., og 12.3 í reglugerð sjúkrasjóðs Bárunnar er sjálfstæður og aðskilinn.

5. Forvarnar- og endurhæfingarstyrkir og styrkir vegna slysa- og sjúkrakostnaðar.

5.1. Veittir eru styrkir til sjóðsfélaga í formi forvarnar- og endurhæfingarstyrkja og styrkja vegna slysa- og sjúkrakostnaðar.

5.2. Til þess að eiga rétt á styrkjum skv. gr. 5.1 þarf félagsmaður að hafa greitt félagsgjöld til félagsins næstliðna 6 mánuði eða hafa öðlast rétt í sjúkrasjóði annars aðildarfélags ASÍ skv. gr. 10.2 í reglugerð sjóðsins. Greiði félagsmaður lægra iðgjald en sem nemur 50% iðgjaldi miðað við grunn dagvinnutaxta í kjarasamningi Samiðnar og Samtaka atvinnulífsins greiðist hálfur styrkur.

5.3. Réttur til greiðslna styrkja úr sjúkrasjóði stofnast eftir að félagsmaður hefur greitt til sjóðsins í 6 mánuði sjá þó 10. gr. reglugerðar sjóðsins um réttindaflutning á milli ASÍ félaga. Reikningur skal dagsettur eftir að réttur félagsmanns til styrkja stofnast í sjóðnum.

5.4. Greiðslukvittanir mega ekki vera eldri en 12 mánaða m.v. að réttindi liggi fyrir þá. Réttindi miðast við dagsetningu nótum.

5.5. Réttur til iðgjaldatengdra styrkja miðast við almanaksárið.

5.3. Greiddir eru eftirfarandi styrkir:

a) Meðferð hjá eftirfarandi aðilum: lögiltum sjúkrabjálfa, sjúkranuddara eða kírópraktor. Greitt er 50% af kostnaði að hámarki 5.000.-kr í fyrsta skipti, hámark 2.500.-kr í hvert skipti eftir það. Hámark 46 skipti á hverjum 12 mánuðum (óháð félagsgjaldi). Yfirlit meðferða verður að fylgja.

b) Viðtal hjá sálfræðingi, geðhjúkrunarfræðingi, félags eða fjölskylduráðgjafa. Greitt er 50% af kostnaði að hámarki 10.000.- kr. 12 skipti á hverjum 12 mánuðum. Falli viðtal undir afsláttarkjör annarstaðar (t.d. Tryggingarstofnun) fellur rétturinn niður. Yfirlit meðferða verður að fylgja.

c) Krabbameinsskoðun endurgreiðist að fullu (óháð félagsgjaldi). Hámark endurgreiðslu er 18.000 kr. á hverju 12 mánaða tímabili.

d) Almenn skoðun hjá hjartasérfræðingi greiðist 50% af kostnaði að hámarki kr. 12.500 á hverju 12 mánaða tímabili.

e) Dvöl á Heilsustofnun HNLFI: Greitt 50% af kostnaði að hámarki 75.000.- kr .

f) Kaup á gleraugum, linsum eða heyrnatæki. Greitt er 50% af kostnaði að hámarki 65.000.- kr. Hægt er að sækja um styrkinn einu sinni á hverjum 36 mánuðum. Ef styrkur er ekki fullnýttur má nýta hann innan þriggja ára.

g) Laser/Lasik aðgerð eða augasteinaskipti: Félagsmaður sem hefur greitt félagsgjöld síðastliðinn þrjú ár samfleyytt verði greitt allt að kr. 120.000 vegna laseraðgerða eða augasteinaskipta miðað við fullan rétt sbr. gr. 5.6. . Þó að frádregnum öðrum styrkjum síðastliðna 12 mánuði.

h) Áfengismeðferð: Sjóðsfélagi getur fengið greidda dagpeninga vegna einnar meðferðar. Upphæð dagpeninga miðast við reglugerð sjúkrasjóðs gr. 12.1. Aðeins er greitt út í eitt skipti fyrir hvern sjóðsfélaga í allt að 40 daga.

i) Þegar alvarleg veikindi, slys eða dauðsfall ber að höndum hjá félagsmanni sem sjóðsstjórn metur til fjárhagslegs eða atvinnulegs tjóns fyrir sjóðsfélaga er henni heimilt að veita viðkomandi sérstakan styrk. Við mat á styrkbörf skal m.a taka tillit til atvinnutekna, bótatekna frá almannatryggingum, skaðabótakrafna, fjölskyldustærðar og annara aðstæðna.

j) Styrkur til líkamsræktar/ heilsueflingar er 50% af kostnaði þó að hámarki 55.000 á hverju almanaksári. Skilgreining á heilsueflingu er viðurkenndar íþróttagreinar samkvæmt ÍSÍ – Íþróttá- og Ölympíusamband Íslands (<http://isi.is/um-isi/vidurkenndar-ithrotttagreinar/>) og fellur undir að vera æfinga og/eða aðildargjöld.

k) Tannlæknakostnaður: Styrkur vegna tannlækninga er að hámarki kr. 25.000 á 12 mánaða tímabili.

I) Fæðingarstyrkur kr. 120.000. Gögn sem þurfa að fylgja er fæðingarvottorð. Réttur er reiknaður út frá fæðingardegi barns. Greiða þarf félags gjöld í 12 mánuði samfleyst fyrir fæðingardag barns. Fæðingarstyrkur er óháður öðrum styrkjum.

m) Vegna glasafrjóvgunarmeðferðar/tæknifrjóvgunar greiðist styrkur að hámarki 60.000,- kr í eitt skipti. Ef félagsmaður á rétt á greiðslu frá öðrum aðila fellur réttur hans niður.

n) Ættleiðing: Heimilt er sjóðsstjórn að styrkja félagsmann vegna ættleiðingar til greiðslu vegna fargjalds að hámarki 50.000,- kr. Umsókn þarf að fylgja auk annarra gagna ljósrit af farseðli ásamt staðfestingu á ættleiðingarferli.

o) Dánarbætur greiðast eftirlifandi maka eða börnum látins sjóðfélaga samkvæmt grein 12.4. í reglugerð sjúkrasjóðs Bárunnar. Bótajárhæð kr. 431.117 miðast við vísítöluneysluverðs 1. apríl 2021. Sé ekki greiddur styrkur skv. gr. 12.4.sjúkrasjóðsreglugerðar greiðast dánarbætur að sömu upphæð til foreldra látins sjóðfélaga. Réttur til dánarþóta fellur niður sé þeirra ekki vitjað innan 12 mánaða frá því rétturinn stofnaðist.

p) Styrkur vegna félagsmanna sem ekki falla undir reglugerð sjóðsins og eru félagssmenn við starfslok sín er heimilt að veita 50.000,- kr styrk vegna útfararkostnaðar sem renni til greiðslu hans. Skilyrði styrkveitingar er að hinn látni hafi verið sjóðsfélagi í a.m.k 5 ár fyrir starfslok. Útfararstyrkur fellur niður við 80 ára aldur. Réttur til útfararstyrks fellur niður sé hans ekki vitjað innan 6 mánaða frá því rétturinn stofnaðist.

5.4. Samanlagðir styrkir samkvæmt grein 5.3. lið a) til n) er að hámarki 120.000,- kr. á hvern einstakling á 12 mánaða tímabili fyrir fullgreiðandi félagsmann og hlutfallslega ef það á við sbr. gr.

5.6. Styrkir samkvæmt grein 5.3.liðum I) (fæðingastyrkur), p) (dánarbætur) og q)(útfararkostnaður) eru óháðir öðrum styrkjum.

5.5. Dagpenningar samkvæmt, gr. 12.1 , 12.2 og 12.3 í reglugerð sjúkrasjóðs Bárunnar, stéttarfélags skal vera að hámarki , 863.387- á mánuði miðað við launavísitölu pr. 1. maí. 2021 sbr. grein 12.6 í reglugerð sjúkrasjóðs Bárunnar, stéttarfélags.

5.6. Til þess að eiga rétt á styrkjum skv. gr. 5.3. þarf félagsmaður að hafa greitt félags gjöld til félagsins næstliðna 6 mánuði eða hafa öðlast rétt í sjúkrasjóði annars aðildarfélags ASÍ skv. 10. gr. í reglugerð sjóðsins. Fullur styrkur miðast við 100% starf skv. lægsta taxta í kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Réttindi myndast hlutfallslega ef greiðsla til félagsins er lægri en sem nemur þeirri upphæð.

Styrkir skv. a)lið (sjúkranuddari, sjúkraþjálfari, kírópraktor) og c) lið (krabbameinsskoðun) gr.5.3. skulu ekki tengdir iðgjaldi til félagsins.

5.7. Réttindi til að sækja um styrki falla niður að 6 mánuðum liðnum eftir að hætt er að greiða til félagsins. Sama á við um félagsmenn sem hætta á vinnumarkaði vegna aldurs.

5.8. Réttur til greiðslna styrkja úr sjúkrasjóði stofnast eftir að félagsmaður hefur greitt til sjóðsins í 6 mánuði sjá þó 10. gr. reglugerðar sjóðsins.. Reikningur skal dagsettur eftir að réttur félagsmanns til styrkja stofnast í sjóðnum. Ekki eru greiddir styrkir vegna reikninga sem verða til á þessu 6 mánaða ávinnslutímabili.

5.9.Greiðslukvittanir mega ekki vera eldri en 12 mánaða m.v. að réttindi liggi fyrir þá. Réttindi miðast við dagsetningu nótu.

6. Breytingar á reglum þessum

6.1. Breytingar á reglum þessum verða aðeins gerðar á fundi sjúkrasjóðs og þurfa þær að vera samþykktar með einföldum meirihluta greiddra atkvæða. Tillögum að breytingum á reglum þessum skal getið í fundarboði.

Samþykkt á aðalfundi þann 15. maí 2024.